

L Ö G

91

25. sept.

um raforkusjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að gerðar verði rafveitur og reist verði raforkuver og raforkustöðvar í sveitum, kaupúnum og hinum smærri kaupstöðum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til raforkusjóðs af tekjuafgangi áráanna 1941 og 1942 10 millj. kr. og 500 þús. krónur á ári eftir 1942. Nú nema $\frac{2}{5}$ hlutar tekjuafgangs áráanna 1941 og 1942 ekki hinni tilteknu upphæð, og skal það, sem á vantar, þá lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins.

Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

92

25. sept.

um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.